



(Ljós. Mbl. Kristján)

Séð yfir hluta af verslunarhúsnæði Máls og menningar eftir stækkunina. Erlendar bækur eru nú á efri hæð en innlendar bækur á neðri hæð.

Bókabúð Máls og menningar stækkuð

BREYTINGAR og endurbætur hafa verið gerðar á húsnæði Bókabúðar Máls og menningar að Laugavegi 18. Efsta hæð bókabúðarinnar þar sem er deild með erlendar bækur, hefur verið stækkuð og við það hefur enn fremur rýmkað að mun um

innlendar bækur á neðri hæðinni. Í ræðu Þorleifs Einarssonar stjórnarformanns bókabúðarinnar, þegar þessar breytingar voru kynntar, kom fram, að vegna þessara breytinga hefur hillurými íslenskra og erlendra bóka í búðinni tvöfaldast.

Upphaf Bókabúðar Máls og menningar var stofnun Bókabúðarinnar Heimskringlu 1935, sem Bókmenntafélagið Mál og menning yfirtók síðan við stofnun þess félags árið 1937. Frá árinu 1961 hefur búðin verið í núverandi húsnæði að Laugavegi 18, fyrstu árin aðeins í hluta verslunarhúsnæðisins en síðustu árin hefur búðin tekið við öllu húsnæðinu.

Bókabúð Máls og menningar er skipt í 4 deildir; íslenskar bækur, erlendar bækur, ritfangadeild og barnabókabúð. Í versluninni eru starfandi 15 til 20 manns. Framkvæmdastjóri er Jónsteinn Haraldsson.



Ljós.: Kristinn.

Konur úr Gallerí Langbrók vinna að uppsetningu sýningarinnar á Kjarvalsstöðum.

Gallerí Langbrók sýnir á Kjarvalsstöðum

UM ÞESSAR mundir stendur yfir á Kjarvalsstöðum sýning á verkum þeim sem konur í Gallerí Langbrók hafa unnið. Á sýningunni eru meðal annars graffik-verk, teikningar, taubrykk, myndvefnaður, fatnaður, almennur vefnaður auk ýmissa smáhluta unna í textíl.

Nú er um það bil ár síðan Gallerí Langbrók var stofnað, en að því standa tólf konur, tíu vinna í textíl, ein í graffik og ein í keramik.

„Ástæðan fyrir því að við stofnuðum Gallerí var sú að áður vorum við mjög einangraðar við vinnu okkar og unnum hver í sínu horni,“ sagði Þorbjörg Þórðardóttir er blm. Mbl. leit við á sýningunni á Kjarvalsstöðum fyrir stuttu.

„Okkur þótti því nauðsynlegt að koma okkur upp Gallerí, þar sem fólk gæti komið á einn stað og séð hvað við værum að gera, en þyrfti ekki að vera að endasendast um allan bæ til þess, eins og áður tíðkaðist. Það má því eiginlega segja að Galleríið sé eins konar tengiliður á milli okkar og fólksins, sem hefur áhuga fyrir því sem við erum að gera. Til okkar kemur fólk á öllum aldri, og hafa margir látið í ljós þakklæti sitt fyrir að við skyldum loksins opna svona Gallerí, þar sem fólk gæti komið

og séð það sem við erum að gera. Það er mjög mikið um það að fólk komi og skoði hlutina, og komi síðan einhvern tímann seinna þegar það á pening og kaupir það sem því líkar.“

„Sýningin hér á Kjarvalsstöðum er kynning á þeim munum, sem hægt er að fá í Gallerí Langbrók og eigum við von á góðri aðsókn,“ sagði Þorbjörg að lokum.

LOKAÐ

í réttarhléi frá 1. júlí til 1. september 1979. Þó verður skrifstofan opin alla fimmtudaga á þessu tímabili og bréfamóttaka er hvern virkan dag.

Ingi R. Helgason hrl.
Laugavegi 31

Hafnarfjörður

Vegna sumarleyfa verður skrifstofan lokað frá 9.—31. júlí.

Hrafnkell Ásgeirsson hrl.
Austurgötu 4

299 22

Vesturbær

4ra herb. endaíbúð á 3. hæð með suður svölum. Laus strax. Verð 22 millj. Útb. 16 millj.

Kópavogur

3ja herb. 90 fm íbúð á 1. hæð með suður svölum. Verð 20 millj. Útb. 14 millj.

FASTEIGNASALAN
Skálafell

MJÓUHLÍÐ 2 (Við Mikfatorg)
SÖLUSTJÓRI:
VALUR MAGNÚSSON,
HEIMASÍMI 85974,
VIDSKIPTAFRÆÐINGUR:
BRYNJÓLFUR BJARNASON

TEMPLARASUNDI 3 (2.hæð)

SÍMAR 15522,12920

Óskar Mikaelsson sölustjóri
heimasími 44800
Árni Stefánsson viðskfr.

Mosfellssveit — Einbýli

Vandað 140 ferm. einbýlishús við Markholt ásamt 40 ferm. bílskúr. Stofa, borðstofa, 4 svefnherb., ræktuð lóð. Verð 42 millj.

Parhús í Garðabæ

Glæsilegt 250 ferm. parhús á tveimur hæðum. Á efri hæð eru stofa, skáli, eldhús og 4 svefnherb., og baðherb. Á neðri hæð eru 3 herb., bað, hol og bílskúr, frágengin lóð. Verð 52 millj.

Parhús í Austurborginni

Parhús í smíðum, hæð og rishæð samtals 140 fm. ásamt rúmgóðum bílskúr. Húsið er glerjað og hitaögn komin. Verð 28 millj.

Einbýlishús á Álftanesi

Nýtt einbýlishús á einni hæð ca. 135 ferm. ásamt 35 ferm. bílskúr. Stofa, skáli, húsbóndaherb., 4 svefnherb., eldhús, bað og þvottaherb. Verð 38 millj. Útb. 25 millj.

Asparfell — Glæsilegt 6 herb. m. bílskúr

Mjög glæsilegt 6 herb. íbúð á 5. hæð í lyftuhúsi. Stofa, borðstofa, 4 svefnherb., á sér gangi, sér þvottaherb. í íbúðinni, tvennar svalir, frábært útsýni, bílskúr. Verð ca. 35 millj.

Hafnarfjörður — 5 herb. sér hæð

Góð 5 herb. efri sér hæð í tvíbýlishúsi við Hraunkamb ca. 120 fm. 2 stofur, 3 svefnherb. Suður svalir. Önnréttað ris með kvistum fylgir íbúðinni. Laus 1. ágúst n.k. Verð 26 millj.

Kleppsvegur — 5 herb.

Falleg 5 herb. íbúð á 1. hæð ca. 130 ferm. 2 samliggjandi stofur 3 svefnherb., stórar suður svalir, góð sameign. Verð 28 millj.

Kríuhólar 4ra—5 herb.

Falleg 4ra til 5 herb. íbúð á 8. hæð í lyftuhúsi ca. 115 fm. Stofa, borðstofa, 3 svefnherb. Tvennar suðvestur svalir. Bílskúr. Góð sameign. Verð 26 millj., útb. 18 til 19 millj.

Eskihlíð — 3ja—4ra herb.

Góð 3ja herb. íbúð á fyrstu hæð ca. 90 ferm. ásamt herbergi í risi. Tvær samliggjandi stofur og stórt svefnherb., á hæðinni, nýleg teppi og suðvestur svalir. Verð 19 millj. Útb. 15 millj.

Norðurbær Hafn. — 3ja herb.

Glæsilegt 3ja herb. íbúð á 2. hæð ca. 96 ferm. Vandaðar innréttingar. Suður svalir. Góð sameign. Verð 23—24 millj. útb. 18 millj.

Hraunkambur Hafn. — 3ja herb.

3ja herb. íbúð á jarðhæð í tvíbýlishúsi, ca. 90 ferm. Sér inngangur, fallegur garður. Verð 18 millj. Útb. 13—14 millj.

Hraunhvammur Hafn. — 3ja—4ra herb.

3ja til 4ra herb. íbúð á jarðhæð ca. 100 ferm. í steinhúsi. Tvær samliggjandi stofur og tvö svefnherb. Verð 16—17 millj. Útb. 11—12 millj.

Laugarnesvegur — 2ja herb.

Góð 2ja herb. íbúð í kjallara ca. 75 ferm. Góðar innréttingar og teppi. Sér inngangur, sér hiti. Verð 15 millj. Útb. 10 millj.

Smáíbúðahverfi — Einstaklingsíbúð

Snotur einstaklingsíbúð á 1. hæð ca. 40 fm. Herb., hol, eldhús og snyrting. Góð geymsla. Rólegur staður. Verð 10 millj. Útb. 7 millj.

Barnafataverzlun

Vel þekkt barnafataverzlun til sölu. Hagstæð kjör. Tilvalið tækifæri fyrir duglegan einstakling. Nánari uppl. veittar á skrifstofunni.

HÖGUN

FASTEIGNAMIDLUN



ÞÚ AUGLÝSIR UM ALLT LAND ÞEGAR
ÞÚ AUGLÝSIR Í MORGUNBLADINU